

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

8. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017
Haldinn 7. júní 2016 í félagsaðstöðu Kvartmfluklúbbsins.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Viðar Halldórsson (FH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Ingvar Kristinsson (Björk) og Þórunn Ansnes (Sörli). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Magnús Gunnarsson (Haukar), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórarinn Sófússon (GSE), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir).

Dagskrá:

1. Átröskun og líkamsmynd íslensks íþróttafólks

Vakin athygli á hádegisfyrirlestri ÍSÍ sem fór fram 27. apríl sl. Petra Lind Sigurðardóttir MSc í klínískri sálfræði frá HR fór yfir helstu niðurstöður nýrrar rannsóknar sem beindist að skimun fyrir átröskunareinkennum meðal íþróttafólks á Íslandi. Hægt er að horfa á fyrirlesturinn í heild sinni inn á heimasíðu ÍSÍ, fræðsla, hádegisfundir, vimeósíða. Aðildarfélögin beðin um að koma þeim upplýsingum áfram innan sinna raða.

2. SEEDS sjálfbóðaliðaverkefni 2016 og 2017

Bréf frá samtökunum lagt fram til kynningar.

3. Þjálfaramenntun ÍSÍ 1. og 2. stig. Sumarfjarnám 2016

Bréf frá ÍSÍ lagt fram til kynningar. Næsta vorfjarnám hefst 20. júní nk. Aðildarfélögin beðin um að kynna námið innan sinna raða og hvetja þjálfara til þátttöku.

4. Íþróttir án hinsegin fordóma

ÍSÍ í samvinnu við KSÍ og Samtökin '78 stóðu fyrir hádegisfyrirlestri 25. maí sl sem bar heitið, Jafnrétti til sigurs – Íþróttir án hinsegin fordóma. María Helga Guðmundsdóttir landsliðskona í karate, íþróttapjálfi og jafningjafræðari á vegum Samtakana '78 fjallaði um stöðu hinsegin fólks í íþróttum, um kynjakerfið og hvernig það hefur áhrif á íþróttamenningu o.m.fl. Í lok fyrirlestursins ræddi hún um hvernig þjálfari, liðsfélagi, stjórnarmaður eða foreldri geti stutt hinsegin fólk í íþróttum og með því stuðlað að opnu og fordómalausum umhverfi. Hægt er að horfa á fyrirlesturinn í heild sinni inn á heimasíðu ÍSÍ, fræðsla, hádegisfundir, vimeósíða. Aðildarfélögin beðin um að koma þeim upplýsingum áfram innan sinna raða.

5. Lög FH

Bréf frá ÍSÍ dagsett 27. apríl sl kynnt fundarmönnum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti löginn með áorðnum breytingum og bendir á atriði til skoðunar fyrir næsta aðalfund félagsins. Stjórn ÍBH staðfesti löginn.

6. Tímaúthlutun 2016-2017 - samkomulag

Greint frá vinnu tímaúthlutunarnefndar sem stjórn ÍBH skipaði. Tímaúthlutunarnefndin leggur til að stjórn ÍBH samþykki eftirfarandi samkomulag, tímaúthlutun íþróttasalir vetrartímabil 2016 – 2017 er sama úthlutun og endaði í apríl 2016 með þeirri undantekningu að Haukar fá 4 tíma í parketsal Kaplakrika á miðvikudögum kl. 20.00-22.00 í b sal og á fimmtudögum frá kl. 19.30-21.30 í b sal. Samkomulagið samþykkt.

7. Tímaúthlutunarreglur ÍBH

Tímaúthlutunarnefnd sem stjórn ÍBH skipaði hefur endurskoðað reglurnar og lagði fram til kynningar breyttar reglur. Stjórn ÍBH samþykkti reglurnar.

8. Kynning á vinnu millipinganevndar 49. þings ÍBH

Kristbjörn Óli Guðmundsson formaður millipinganevndar kynnti vinnu nefndarinnar sem hefur haldið þrjá fundi. Fundir nefndarinnar halda áfram í haust. Nefndin skilar álitum á formannafundi í nóvember nk og endanlegri niðurstöðu á þingi ÍBH í apríl 2017.

9. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ um fararstjóranámskeið í íþróttiferðum sem var haldið miðvikudaginn 11. maí í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- b). Fréttabréf Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra.
- c). Bréf frá Hnefaleikasambandi Íslands um fyrsta ársþing sambandsins 21. maí sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- d). Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands um dansþing 30. maí sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- e). Bréf frá ÍSÍ um fyrirlestur Dr. Bente Wold prófessors frá háskólanum í Bergen í Noregi. Hún hefur m.a. rannsakað mikið sálfræðitengingar í íþróttum og heilbrigðan lífsstíl.

10. Önnur mál

- a). Ingólfur Arnarson formaður Kvartmíluklúbbsins kynnti breytingar og framkvæmdir á svæði félagsins fyrir fundarmönnum.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.